


Alþingi
Erindi nr. P 137/150
komudagur 10.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd,
Sigrún Brynja Einarasdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 4. júní 2009

Tilvísun: 2009060504AT/--

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu

Persónuvernd vísar til bréfs utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 2. júní 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu (þskj. 54, 38. og 54. mál, 137. löggjafarþing).

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela utanríkismálanefnd Alþingis að undirbúa mögulega umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Nefndinni er falið eftirfarandi hlutverk:

1. Að setja saman greinargerð um mikilvægustu hagsmuni Íslands í aðildarviðræðum við Evrópusambandið.
2. Að vinna vegvísi að mögulegri aðildarumsókn sem taki til umfjöllunar öll álitamál varðandi upphaf aðildarviðræðna og hvernig að þeim skuli staðið, auk þess að fjalla um nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við staðfestingu mögulegs aðildarsamnings.

Nefndin ljúki framangreindum verkefnum sem allra fyrst og eigi síðar en 31. ágúst 2009.“

Persónuvernd telur að aðild að Evrópusambandinu myndi ekki breyta þeim lögum sem nú gilda um meðferð persónuupplýsinga og persónuvernd. Tilskipanir á sviði persónuréttar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt, einkum má nefna tilskipun nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Evróputilskipunin er grundvallarréttarheimild á sviði evrópuréttar og markmið hennar er að tryggja samræmdar reglur og samræma persónuupplýsingavernd í öllum aðildarríkjum ESB. Þann

25. júní 1999 tók gildi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar (ákvörðun nr. 83/99) um að fella tilskipun nr. 95/46/EB inn í EES-samninginn. Tilskipunin var síðan lögtekin með setningu laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Þrátt fyrir að lög og reglur ESB á sviði persónuréttar hafi verið innleiddar hér á landi vegna þeirra skuldbindinga sem íslenska ríkið undirgekkst vegna samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið, og hefur verið fullgiltur með lögum nr. 2/1993, hefði aðild að ESB í för með sér að Persónuvernd ætti fulltrúa með full réttindi í þeim nefndum og vinnuhópum sem starfa á grundvelli persónuverndartilskipunar nr. 95/46/EB. Þar er mest um vert að fá fulla aðild að nefnd sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna og aðstoðar framkvæmdastjórnina í málefnum tengdum persónuvernd.

Virðingarfyllt



Alma Tryggvadóttir
lögfræðingur